

**AMNESTY
INTERNATIONAL**



Allsherjar- og menntamálanefnd

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2022

Efni: Umsögn Íslandsdeildar Amnesty International um frumvarp til laga a um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (barnaníðsefni, hatursorðræða, mismunun o.fl.), þskj. 558, 389. mál.

Íslandsdeild Amnesty International vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 3. mars 2022, þar sem deildinni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga a um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (barnaníðsefni, hatursorðræða, mismunun o.fl.), þskj. 558, 389. mál.

Íslandsdeild Amnesty International þakkar fyrir að hafa fengið frumvarpið til umsagnar.

Íslandsdeild Amnesty International fagnar frumvarpi þessu og telur þær breytingar sem í því felast tímabærar, einkum þá að við ákvörðun hegningar, sbr. 70. gr. hegningarlaga (hgl.), beri að taka til greina hvort brot megi rekja til nánar tilgreindra atriða er varða brotþola persónulega og brot þannig af meiði hatursglæpa.

Afstaða Amnesty International til hatursorðræðu byggir á 2. mgr. 20. gr. samningsins um borgaraleg og stjórnómáleg réttindi sem vísar til þess að „[Allur] málflutningur til stuðnings haturs af þjóðernis-, kynþáttar- eða trúarbragðaægum toga spunnið sem felur í sér hvatningu um mismunun, fjandskap eða ofbeldi [skuli] bannaður með lögum.“

Ríki eiga að banna hatursorðræðu eins og hún er skilgreind í ofangreindri grein. Mikilvægt er að slík bönn séu sett fram í lögum með nákvæmum hætti, og beitt þannig að uppfylli kröfur um nauðsyn og meðalhóf í samræmi við 3. mgr. 19. gr. samningsins um borgaraleg og stjórnómáleg réttindi um leyfilegar takmarkanir á tjáningarfrelsi.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á nokkrum ákvæðum almennra hegningarlaga er snerta barnaníð, mismunun og hatursorðræðu. Lagt er til að við ákvörðun hegningar beri að taka til greina hvort brot teljist vera hatursglæpur. Einnig er lagt til að rýmka hatursorðræðuákvæði 233. gr. a þannig að þjóðlegur uppruni falli ótvírætt þar undir sem og að ákvæðið veiti fólki með fötlun og fólki með ódæmigerð kyneinkenni refsivernd til samræmis við aðra hópa sem eru taldir þurfa á sérstakri vernd að halda. Að auki er lagt til að sömu hópum verði veitt vernd gegn mismunum við afhendingu á vöru eða þjónustu til jafns við aðra.

Íslandsdeild Amnesty International telur rýmkun ákvæðis 233. gr. a. jákvæða og í samræmi við ofangreinda skilgreiningu. Deildin tekur undir aðrar tillögur frumvarpsins og styður það.

Virðingarfyllst



AMNESTY INTERNATIONAL
Íslandsdeild

Anna Lúðvíksdóttir

Framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International